
Sparisjóður Svarfdæla – sölufjerli

Fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa hf. hefur til sölumæðferðar, fyrir hönd Bankasýslu ríkisins, 90% stofn-fjárhlut ríkisins í Sparisjóði Svarfdæla.

Um Sparisjóð Svarfdæla

Sparisjóður Svarfdæla hefur verið starfræktur í yfir 120 ár. Skrifstofa Sparisjóðs Svarfdæla og aðal-afgreiðsla er í ráðhúsinu á Dalvík, en auk þess er rekin afgreiðsla í Hríssey. Alls starfa nú níu starfs-menn hjá sjóðnum. Sparisjóðurinn er eina fjármálafyrirtækið á Dalvík og því mikilvægur í fjölbreyttu atvinnulífi Dalvíkurbyggðar. Í sveitarfélaginu eru sterk fyrirtæki sem hafa skapað sér sérstöðu og er Dalvíkurhöfn stór og umsvifamikil fiski- og vöruhöfn.

Fjárhagslegri endurskipulagningu Sparisjóðs Svarfdæla lauk í desember 2010 og er stofnfé að henni lokinni 424,4 milljónir króna. Í kjölfar endurskipulagningarinnar varð ríkissjóður eigandi stofnfjár að nafnverði 382,0 milljónir króna eða 90% af heildarstofnfé. Á grundvelli laga nr. 88/2009 um Bankasýslu ríkisins fer Bankasýslan með hlut ríkisins. Sparisjóður Svarfdæla hefur að undanförunu starfað á grundvelli undanþágu frá kröfu Fjármálaeftirlitsins um 16% eiginfjárhlutfall, en eiginfjárhlut-fall sjóðsins skv. ársreikningi fyrir árið 2010 er 10,5%.

Sölufjerlið

Frá og með mánudeginum 5. september n.k. geta áhugasamir fjárfestar nálgast samantekt um Spari-sjóð Svarfdæla og önnur gögn vegna fyrirhugaðrar sölu hjá H.F. Verðbréfum hf. **Frestur til að skila inn óskuldbindandi tilboðum er til kl 12:00 mánudaginn 19. september n.k.** Tilboð skulu berast á sérstöku formi sem nálgast má hjá H.F. Verðbréfum hf.

Sölufjerlið er aðeins opið hæfum fjárfestum, sbr. 9. tölulið 43. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007. Auk þess þurfa fjárfestar að uppfylla tiltekin skilyrði sem gerð er grein fyrir í sölugögnum og lúta einkum að fjárhagslegum styrk og hæfi að öðru leyti til að fara með virkan eignarhlut í fjármálafyrirtæki.

Fjárfestum er frjálst að bjóða í allan eignarhlut seljanda og/eða hluta hans. Seljandi áskilur sér rétt til þess að breyta sölufjerlinu og/eða stöðva það án fyrirvara. Einnig áskilur seljandi sér rétt til að hafna öllum tilboðum.

Fjárfestar sem vilja taka þátt í sölufjerlinu geta haft samband við fyrirtækjaráðgjöf H.F. Verðbréfa hf. í síma 585 1700 eða sent tölvupóst á spsv@hfv.is.